

# ÍSAFJÖRÐUR


## VEIKINDAFJARVISTIR, VEIKUR Í VINNU OG LÆKNISHEIMSÓKNIR

---

Samanburður 2010, 2011, 2013 og 2015

**Hjördís Sigursteinsdóttir**

**Nóvember 2020**



## EFNISYFIRLIT

|                                                                                         |   |
|-----------------------------------------------------------------------------------------|---|
| MYNDASKRÁ.....                                                                          | 3 |
| INNGANGUR .....                                                                         | 4 |
| VEIKINDAFJARVISTIR .....                                                                | 5 |
| VIÐVERA Í VINNU ÞRÁTT FYRIR VEIKINDI VEGNA ÁLAGS .....                                  | 6 |
| LÆKNISHEIMSÓKNIR VEGNA VEIKINDA/HEILSUBRESTS SEM REKJA MÁ TIL AÐSTÆÐNA Í VINNUNNI ..... | 7 |
| SAMANTEKT .....                                                                         | 7 |

## MYNDASKRÁ

|                                                                                                                                   |   |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---|
| Mynd 1. Hversu marga daga, ef einhverja, hefur þú verið frá launaðri vinnu vegna veikinda á síðastliðnum 12 mánuðum? .....        | 5 |
| Mynd 2. Hefurðu mætt veik(ur) í vinnu vegna álags á síðustu 12 mánuðum?.....                                                      | 6 |
| Mynd 3. Hefur þú leitað til læknis vegna veikinda/heilsubreysts sem þú rekur til aðstæðna í vinnunni síðastliðna 12 mánuði? ..... | 7 |
| Mynd 4. Veikindafjarvistir, veikur í vinnu og læknisheimsóknir 2010-2019 .....                                                    | 8 |

## INNGANGUR


Góð heilsa er öllum mikilvæg. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (World Health Organization [WHO]) hefur allt frá árinu 1947 skilgreint heilsu sem líkamlega, sálræna og félagslega vellíðan, en ekki eingöngu það að vera laus við sjúkdóma eða fötlun. Orsakir veikindafjarvista geta verið margvíslegar og bent hefur verið á að sjúkdómar eru ekki alltaf eina ástæða þess að starfsfólk tekur sér frí frá störfum vegna veikinda, heldur geta veikindaleyfi einnig verið leið starfsfólks til að takast á við vinnuálag, streitu og óánægju í starfi. Á hinn bóginn getur samdráttur og uppsagnir einnig haft í för með sér að starfsfólk taki sér síður veikindaleyfi en ella; sé líklegra en áður til að mæta veikt til vinnu, bæði sökum manneklu og vegna óttans við að missa vinnuna taki starfsfólk sér veikindaleyfi.

Í þessari skýrslu eru veikindafjarvistir, viðvera í vinnu þrátt fyrir veikindi vegna álags og læknisheimsóknir vegna veikinda/heilsubrests sem rekja má til aðstæðna í vinnunni síðastliðna 12 mánuði skoðuð fyrir árin 2010, 2011, 2013 og 2015. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013 og 16 annara sveitarfélaga árið 2015.

Skýrslunni er skipt upp í 5 hluta; (1) Inngangur, (2) veikindafjarvistir, (3) viðvera í vinnu þrátt fyrir veikindi vegna álags, (4) læknisheimsóknir vegna veikinda/heilsubrests sem rekja má til aðstæðna í vinnunni og (5) samantekt. Í skýrslunni er að finna niðurstöður við þremur spurningum; (1) „Hversu marga daga, ef einhverja, hefur þú verið frá launaðri vinnu vegna veikinda síðastliðna 12 mánuði?“, (2) „Hefurðu mætt veik(ur) í vinnu vegna álags á síðustu 12 mánuðum?“, (3) „Hefur þú leitað til læknis vegna veikinda/heilsubrests sem þú rekur til aðstæðna í vinnunni síðastliðna 12 mánuði?“. Við spurningu 1 voru gefnir fimm svarmöguleikar: Aldrei, 1-7 daga, 8-14 daga, 3-4 vikur, einn mánuður eða lengur. Við spurningu 2 voru einnig gefnir fimm svarmöguleikar: Aldrei, 1-3 sinnum, 4-6 sinnum, 7-11 sinnum, 12 sinnum eða oftar. Við spurningu 3 voru gefnir tveir svarmöguleikar: Já, nei.

## VEIKINDAFJARVISTIR

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna „Hversu marga daga, ef einhverja, hefur þú verið frá launaðri vinnu vegna veikinda síðustu 12 mánuði?“. Svarmöguleikar voru: Aldrei, 1-7 daga, 8-14 daga, 3-4 vikur, einn mánuður eða lengur.




**Mynd 1. Hversu marga daga, ef einhverja, hefur þú verið frá launaðri vinnu vegna veikinda á síðastliðnum 12 mánuðum?**

Sjá má að í flestum tilvikum hefur starfsfólkið verið 1-7 daga verið frá launaðri vinnu vegna veikinda á síðastliðnum 12 mánuðum í öllum fyrirlögnum spurningalistans. Einnig má sjá að hlutfall þeirra sem hefur verið einn mánuður eða lengur frá launaðri vinnu mældist tæp 5% í fyrirlögninni 2013.

Svipað munstur má sjá þegar horft er á veikindafjarvistir starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni. Hlutfallslega flestir hafa verið 1-7 daga frá launaðri vinnu vegna veikinda á síðastliðnum 12 mánuðum í öllum fyrirlögnum spurningalistans. Hlutfall þeirra sem hefur verið einn mánuður eða lengur frá launaðri vinnu jókst milli allra fyrirlagna spurningalistans.

## VIÐVERA Í VINNU ÞRÁTT FYRIR VEIKINDI VEGNA ÁLAGS

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna; „Hefurðu mætt veik(ur) í vinnu vegna álags á síðustu 12 mánuðum?“. Svarmöguleikar fimm voru: Aldrei, 1-3 sinnum, 4-6 sinnum, 7-11 sinnum, 12 sinnum eða oftar.




Mynd 2. Hefurðu mætt veik(ur) í vinnu vegna álags á síðustu 12 mánuðum?

Sjá má að af þeim sem hafði mætt veikt til vinnu vegna álags á síðustu 12 mánuðum var algengast að hafa mætt 1-3 sinnum í öllum fyrirlögnum spurningalistans. Einnig má sjá að hlutfall þeirra sem hafði mætt 12 sinnum eða oftar lá á bilinu 3-4%.

Svipaða þróun má sjá þegar horft er til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni. Af þeim sem hafði mætt veikt til vinnu vegna álags á síðustu 12 mánuðum var algengast að starfsfólk allra sveitarfélaga í rannsókninni hafði mætt 1-3 sinnum í vinnu vegna álags á síðustu 12 mánuðum. Einnig hækkaði hlutfall þeirra sem hafði mætt 12 sinnum eða oftar milli fyrstu þriggja fyriragnanna en lækkaði síðan í þeirri síðustu.

## LÆKNISHEIMSÓKNIR VEGNA VEIKINDA/HEILSUBRESTS SEM REKJA MÁ TIL AÐSTÆÐNA Í VINNUNNI

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna „Hefur þú leitað til læknis vegna veikinda/heilsubrests sem þú rekur til aðstæðna í vinnunni síðastliðna 12 mánuði?“ Svarmöguleikar voru já og nei.




**Mynd 3. Hefur þú leitað til læknis vegna veikinda/heilsubrests sem þú rekur til aðstæðna í vinnunni síðastliðna 12 mánuði?**

Sjá má að hlutfall þeirra sem hafði leitað til læknis vegna veikinda/heilsubrests sem rakin voru til aðstæðna í vinnunni síðastliðna 12 mánuði lá á bilinu 12-23%, jókst á milli allra fyrirlagna og mældist hæst í fyrirlögninni 2015.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að hlutfall þeirra sem hafði leitað til læknis vegna veikinda/heilsubrests sem rakin voru til aðstæðna í vinnunni síðastliðna 12 mánuði hækkaði markvisst í öllum fyrirlögnunum, fór út 16,8% í 30,2% 2015.

## SAMANTEKT

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir veikindafjarvistir, viðvera í vinnu þrátt fyrir veikindi vegna álags og læknisheimsóknir vegna veikinda/heilsubreysts sem rekja má til aðstæðna í vinnunni síðastliðna 12 mánuði skoðuð fyrir árin 2010, 2011, 2013 og 2015. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013 og 16 annara sveitarfélaga árið 2015.



Mynd 4. Veikindafjarvistir, veikur í vinnu og læknisheimsóknir 2010-2015

Niðurstöðurnar sýna að hlutfall þeirra sem var frá launaðri vinnu vegna veikinda var milli 67 og 79%, mældist hæst í fyrirlögninni 2013 en lægst í fyrirlögninni 2010.

Um 49% til um 58% starfsfólksins hafði mætt einhvern tímann í vinnu þrátt fyrir veikindi vegna álags. Hlutfall þeirra sem hafði mætt einhvern tímann í vinnu þrátt fyrir veikindi lækkaði milli 2010 og 2011 en hækkaði svo verulega 2013 en lækkaði svo aftur 2015.

Hlutfall þeirra sem hafði farið til læknis vegna veikinda sem rekja mátti til aðstæðna í vinnunni mældist á bilinu 12 til 23%, jókst á milli allra fyrirlagnanna og mældist lang hæst í fyrirlögninni 2015.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni þá sýna niðurstöðurnar að hlutfall þeirra sem var frá launaðri vinnu vegna veikinda var í kringum 80% í öllum fyrirlögnum. Einnig má sjá að meira en helmingur starfsfólksins hafði mætt einhvern tímann í vinnu þrátt fyrir veikindi vegna álags og hækkaði hlutfallið milli allra fyrirlagna spurningalistans úr um 55% 2010 í um 63% 2015. Einnig má sjá að hlutfall þeirra sem hafði leitað til læknis vegna veikinda/heilsubrests sem rakin voru til aðstæðna í vinnunni síðastliðna 12 mánuði hækkaði markvisst í öllum fyrirlögnunum, fór út 16,8% 2010 í 30,2% 2015.